



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 16/2013 um breytingu
á gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarhluta leigulína
(markaður 13, nú markaður 6)**

30. júlí 2013



EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 Málsvik.....	3
1.1 Inngangur.....	3
1.2 Markaður 13 (nú markaður 6): Heildsala lúkningarluta leigulína.....	3
2 Verðútreikningar Mílu.....	4
2.1 Forsendur og útreikningar	4
2.2 Niðurstaða Mílu um nýja verðskrá	6
3 Afstaða PFS.....	7



1 Málsatvik

1.1 Inngangur

Erindi Mílu ehf. (Mílu) um hækkun á leigulínum sem hér er til umfjöllunar byggir á fyrirhugaðri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) sem send var í innanlandssamráð 5. júní sl. um hækkun á leigu koparheimtauga um 8,6% þann 1. ágúst nk. Ákvörðun í því máli leit dagsins ljós í dag, sbr. ákvörðun PFS nr. 15/2013, þar sem umrædd hækkun var samþykkt af hálfu PFS.

Á tímabilinu 14.-21. júní sl. efndi PFS til samráðs við markaðsaðila um fyrirhugaða ákvörðun í máli þessu. Engar athugasemdir bárust. Þann 26. júní s.l. efndi PFS til samráðs við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um hina fyrirhuguðu ákvörðun. Álit ESA barst með bréfi, dags. 26. júlí s.l. ESA heimilaði PFS að taka hina fyrirhuguðu ákvörðun en gerði athugasemdir í þremur liðum. Í fyrsta lagi benti ESA á að markaðsgreining á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (eldri markaður 13) væri frá árinu 2007 og því væri orðið aðkallandi að PFS lyki endurskoðun á þeim markaði (nú markaður 6) sem fyrst, en PFS hefði upplýst stofnunina um að þeirri markaðsgreiningu lyki síðar á árinu. Í öðru lagi hvatti ESA PFS, í þeirri markaðsgreiningu sem nú stæði yfir á umræddum leigulínumarkaði, til að kveða skýrt á um það hvernig sú kostnaðargreiningaraðferð sem yrði fyrir valinu myndi koma til með að þjóna áfram markmiðum fjarskiptaregluverksins. Að lokum skoraði ESA á PFS að gera, í þeirri markaðsgreiningu sem nú stæði yfir á umræddum leigulínumarkaði, skýra grein fyrir þeim meginreglum sem gilda skyldu um endurskoðun á verðum fyrir umræddar leigulínur, til að skapa fyrirsjáanleika varðandi slík heildsöluverð með það fyrir augum að skapa skýran ramma varðandi fjárfestingar og drífa samkeppni áfram.

Heildsöluverðskrá Mílu fyrir lúkningarluta leigulína lýtur eftirliti PFS í samræmi við álagða kvöð um eftirlit með gjaldskrá á fyrirtækið með ákvörðun stofnunarinnar nr. 20/2007, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða, m.a. á heildsölumarkaði fyrir lúkningarluta leigulína (markaður 13)¹.

1.2 Markaður 13 (nú markaður 6): Heildsala lúkningarluta leigulína²

Hér er átt við sambönd sem leigð eru öðrum fjarskiptafyrirtækjum og gera þeim kleift að veita þjónustu á ýmsum smásölumörkuðum eins og t.d. talsímþjónusta, internetaðgangur og gagnaflutningur. Leigulínur af þessu tagi gera fjarskiptafyrirtækjum sem ekki hafa yfir að ráða lúkningarluta leigulína mögulegt að veita notendum þjónustu.

Um er að ræða hefðbundnar kopar notendalínur (hliðrænar), Ethernet sambönd og ljóslínur frá nettengipunkti að næstu símstöð.

¹ Wholesale terminating segments of leased lines.

² Markaður 13 er nú markaður 6 sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði.



2 Verðútreikningar Mílu

2.1 Forsendur og útreikningar

Míla sendi inn útreikninga á nýrri verðskrá fyrir lúkningarhluta leigulína þann 12. júní sl.

Að sögn Mílu er eingöngu um að ræða hækkun á gildandi verðskrá frá 1. mars 2012 (sbr. ákvörðun PFS nr. 34/2011) sem nemur ofangreindri hækkun leiguverðs koparheimtauga, sem fyrirhugað er að taki gildi þann 1. ágúst nk.

Um er að ræða eftirfarandi hækkun koparheimtauga:

Heiti	Verð fyrir	Verð eftir	Hækkun	Hækkun %
Heimtaug - fullur aðgangur	1.276 kr.	1.386 kr.	110 kr.	8,6%
Heimtaug - neðra tíðnisvið	959 kr.	1.042 kr.	83 kr.	8,7%
Heimtaug - efra tíðnisvið í símsstöð	317 kr.	344 kr.	27 kr.	8,5%

Yfirlit yfir útreikninga Mílu:

Vörunúmer	Heiti	Verð fyrir	Verð eftir	Hækkun
41484	Heimtaug - fullur aðgangur	1.276	1.386	8,6%
41486	Heimtaug - efra tíðnisvið í símsstöð	317	344	8,5%
41485	Efra tíðnisvið heimtaugar í götuskápa	317	344	8,5%
41483	Heimtaug - neðra tíðnisvið	959	1.042	8,7%
42090	Heimataug - fullur aðgangur í skápa	1.276	1.386	8,6%
41493	Leigulína í aðgangsnæti, 2ja víra, neðr	1.918	2.084	8,7%
41494	Leigulína í aðgangsnæti 2ja víra	2.551	2.772	8,7%
41773	Grunnlína milli skápa, 500 metra sérgjal	517	521	0,8%
41774	Burðargjald á heimtaug	1.276	1.386	8,6%

Leigulínur		Núverandi verð			Nýtt verð		
		Endabún	Lína	Samtals	Endabún	Lína	Samtals
41441	Stafræn lína 64kb/s milli svæða	3218	1.918	5.136	3218	2.084	5.302
41445	Stafræn lína 128 kb/s milli svæða	3218	1.918	5.136	3218	2.084	5.302
41444	Stafræn lína 256 kb/s milli svæða	3218	4.220	7.438	3218	4.585	7.803
41442	Stafræn lína 512kb/s milli svæða	3218	4.603	7.821	3218	5.002	8.220
41443	Stafræn lína 2 Mb/s/s milli svæða	3218	5.370	8.588	3218	5.835	9.053
41449	Stafræn lína 64kb/s innan svæðis	2.706	1.918	4.624	2706	2.084	4.790
41453	Stafræn lína 128kb/s innan svæðis	2.706	1.918	4.624	2706	2.084	4.790
41452	Stafræn lína 256kb/s innan svæðis	2.706	4.220	6.926	2706	4.585	7.291
41450	Stafræn lína 512kb/s innan svæðis	2.706	4.603	7.309	2706	5.002	7.708
41451	Stafræn lína 2Mb/s/s innan svæðis	2.706	5.370	8.076	2706	5.835	8.541
41457	Stafræn lína 64k einn leggur	1.609	959	2.568	1609	1.042	2.651
41461	Stafræn lína 128k einn leggur	1.609	959	2.568	1609	1.042	2.651
41460	Stafræn lína 256k einn leggur	1.609	2.110	3.719	1609	2.292	3.901
41458	Stafræn lína 512k einn leggur	1.609	2.302	3.911	1609	2.501	4.110
41459	Stafræn lína 2Mb/s einn leggur	1.609	2.685	4.294	1609	2.918	4.527



Ethernet yfir kopar	Fj. Koparht	Lína	Núverandi verð			Nýtt verð		
			959		Lína	1042		
		Endabún	Samtals	Endabún		Samtals		
41405 Ethernet 5 Mb/s		2	1918	7.020	8.938	2084	7.020	9.104
41391 Ethernet 10 Mb/s		4	3836	7.020	10.856	4168	7.020	11.188
41392 Ethernet 15 Mb/s		4	3836	7.020	10.856	4168	7.020	11.188
41394 Ethernet 20 Mb/s		6	5754	7.020	12.774	6252	7.020	13.272
41396 Ethernet 25 Mb/s		6	5754	7.020	12.774	6252	7.020	13.272
41398 Ethernet 30 Mb/s		8	7672	7.020	14.692	8336	7.020	15.356
41399 Ethernet 35 Mb/s		8	7672	7.020	14.692	8336	7.020	15.356
41401 Ethernet 40 Mb/s		8	7672	7.020	14.692	8336	7.020	15.356
41403 Ethernet 45 Mb/s		8	7672	7.020	14.692	8336	7.020	15.356



2.2 Niðurstaða Mílu um nýja verðskrá

Grunnlínur

	Verð fyrir	Verð eftir
Grunnlína 2ja. víra, neðra tíðnisvið.....	1.918	2.084
Grunnlína 2ja. víra fyrir gagnaf lutning.....	2.551	2.772
Hliðræn lína 2ja víra.....	1.918	2.084
Hliðræn lína 4ra víra.....	2.551	2.772

Stafræn lína innan svæðis einn leggur

	Verð fyrir	Verð eftir
64 kb/s.....	2.568	2.651
128 kb/s.....	2.568	2.651
256 kb/s.....	3.719	3.901
512 kb/s.....	3.911	4.110
2 Mb/s.....	4.294	4.527

Stafræn lína innan svæðis

	Verð fyrir	Verð eftir
64 kb/s.....	4.624	4.790
128 kb/s.....	4.624	4.790
256 kb/s.....	6.926	7.291
512 kb/s.....	7.309	7.708
2 Mb/s.....	8.076	8.541

Stafræn lína milli svæða

	Verð fyrir	Verð eftir
64 kb/s.....	5.136	5.302
128 kb/s.....	5.136	5.302
256 kb/s.....	7.438	7.803
512 kb/s.....	7.821	8.220
2 Mb/s.....	8.588	9.053

Ethernet yfir kopar

	Verð fyrir	Verð eftir
5 Mb/s.....	8.938	9.104
10 Mb/s.....	10.856	11.188
15 Mb/s.....	10.856	11.188
20 Mb/s.....	12.774	13.272
25 Mb/s.....	12.774	13.272
30 Mb/s.....	14.692	15.356
35 Mb/s.....	14.692	15.356
40 Mb/s.....	14.692	15.356
45 Mb/s.....	14.692	15.356



3 Afstaða PFS

Forsendur og útreikningar Mílu sem hér er til umfjöllunar vegna endurskoðunar á heildsöluverðum lúkningarhluta leigulína eru í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá félagsins, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2007.

PFS hefur yfirfarið forsendur og útreikninga Mílu og hyggst ekki gera athugasemdir við niðurstöður Mílu.

ÁKVÖRÐUNARORÐ

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir endurskoðaða verðútreikninga Mílu ehf. á lúkningarhluta leigulína. Stofngjöld og mánaðarleg leiguverð skulu vera í samræmi við það sem fram kemur í viðauka I við ákvörðun þessa.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal taka gildi 1. ágúst 2013.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins fyrir leigulínur frá sama tíma.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 30. júlí 2013

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson

Viðauki I – Gjaldskrá Mílu fyrir lúkningarhluta leigulína.

Viðauki II – Álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)